

# Afbrotatölfræði 2020

1. janúar—31. desember 2020



## Helstu niðurstöður

### Covid-19 faraldurinn setti mark sitt á árið 2020

Covid-19 faraldurinn setti mark sitt á afbrotatölfræði ársins 2020. Smit voru byrjuð að greinast í byrjun árs og um miðjan mars 2020 voru fyrstu samkomutakmarkanir settar á. Þannig einkenndu misstrangar og langar samkomutakmarkanir allt árið.

### Áhrif Covid 19 á þróun afbrota kom að einhverju leyti á óvart

Þrátt fyrir miklar samfélagslegar breytingar þá var fjöldi [hegningarlagabrota](#) á öllu landinu árið 2020 svipaður og árið á undan og um 6% fleiri en að meðaltali síðustu 5 ár á undan. Þetta kemur mögulega einhverjum á óvart en á meðan samkomutakmarkanir leiddu til færri tilkynninga um nauðganir þá fjölgaði á sama tíma tilkynningum um ofbeldisbrot þar sem um var að ræða heimilisofbeldi. Af þessu má sjá dæmi um það hvernig samfélagslegar aðstæður hverju sinni hafa áhrif á tíðni og eðli brota í samfélaginu.



### Brot gegn friðhelgi óvenju mörg

Árið 2020 fjölgaði brotum gegn friðhelgi einkalífs einna mest miðað við meðalfjölda brota síðustu 5 árin á undan eða um 31%. Munaði þar mestu um brot gegn nálgunarbanni, en brotin voru 120 árið 2020 og 114% fleiri en meðaltal síðustu 5 ára á undan. Þá voru hótanir og húsbrott einnig fleiri (tilkynnt var um 570 hótanir og 363 húsbrott).

### Ofbeldisbrot 8% fleiri. Sjá má fjölgun heimilis- ofbeldismála

Ofbeldisbrottum fjölgaði um 8% miðað við meðaltal síðustu 5 ára á undan. Mest var fjölgunin í brottum er falla undir 218b, „endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnað lífi eða heilsu fjölskyldumeðlims“ en þessi brottflokkur var settur í lög árið 2016 (133 brott skráð 2020). Einnig voru stórfelldar líkamsárásir 37% fleiri (grein 218.2). Við nánari greiningu á ofbeldisbrottum mátti sjá að stærri hluti féll undir heimilisofbeldi miðað við fyrrir ár\*. Þá voru 3 manndráp framín árið 2020.

\*Nefna má að árið 2020 var mikil umræða um mikilvægi þess að tilkynna heimilisofbeldi í kringum covid-19 faraldurinn og hófst vitundarvakningaráttak í lok ársins, og hafði það mögulega áhrif á tíðni tilkynninga.


## Helstu niðurstöður framhald

### Nauðganir óvenju fáar

Árið 2020 voru blygðunarsemisbrot og kynferðisbrot gegn börnum um 23-24% fleiri en að meðaltali síðustu 5 ár á undan en nauðgunum fækkaði hins vegar um fjórðung. Síðustu ár hefur stærstur hluti nauðgana sem tilkynntar eru lögreglu átt sér stað um helgar, en árið 2020 voru fleiri sem áttu sér stað á virkum dögum.

### Innbrotum fækkaði í kjölfar samkomutakmarkana

Covid-19 faraldurinn hafði nokkur áhrif á tíðni auðgunarbrota. Þannig voru um 5.600 auðgunarbrot tilkynnt árið 2020 sem er svipaður fjöldi og síðastliðin 5 ár á undan. Hins vegar má sjá að fjárvikum (+41%) og ránum (+33%) fjölgaði verulega en á sama tíma fækkaði fjárkúgunum (-27%). Þá voru innbrot 9% færri, en þau voru óvenju fá í mars, apríl og maí rétt eftir að strangar samkomutakmarkarnir vegna covid-19 faraldur voru settar á. Þeim fjölgaði aftur yfir sumartímenn þegar takmörkunum var aflétt að miklu leyti, en fækkaði svo aftur í kjölfar strangari samkomutakmarkana.



### Fækkun sérrefsilagabrot og umferðarlagabrot

Ef litið er nánar til brotaflokka sem falla undir sérrefsilagabrot þá var fækkun í flestum flokkum árið 2020. T.d. fækkaði fíkniefnabrotum og áfengislagabrotum. Þá varð einnig fækkun í flestum umferðarlagabrotum. t.d. varð fimmtungsfækkun (miðað við sl. 5 ár) í brotum er varða hraðakstur enda mun færri erlendir ferðamenn að keyra um þjóðvegi landsins.

### Sóttvarnarlagabrot óvenju mörg

Brot á sóttvarnarlögum og reglum settum skv. þeim voru óvenju mörg árið 2020 miðað við fyrri ár. Brot gegn sóttvarnarlögum voru 119, en eitt slíkt brot var skráð árið 2018 og einnig eitt slíkt brot árið 2019. Þá voru brot á sóttkví og einangrun 94 talsins árið 2020.

### 92 kg. af maríjúana haldlagt af lögreglu og tollgæslu

Lögregla og tollgæsla lagði hald á óvenju mikið magn maríjúana árið 2020, eða tæp 92 kg. og einnig mikið magn amfetamíns, sérstaklega afmetamínbasa (ml) en úr slíkum basa er mögulegt að framleiða mikið magn fíkniefna. Þá voru um 8 kg. af kókaíni haldlögð, sem er minna en síðustu 3 ár (sjá töflu 2). Mögulega höfðu ferðatakmarkanir vegna Covid-19 áhrif á fíkniefnamarkaðinn og þau efni sem voru aðgengileg.

### Helstu laga-breytingar 2020:

Helstu lagabreytingar árið 2020 voru ný umferðarlög sem samþykkt voru um mitt ár 2019 og tóku gildi 1. jan. 2020 (lög nr 077/2019).



## Magn fíkniefna

Tafla 1. Magn fíkniefna sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á árin 2013 til 2020.

Fíkniefni	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Hass (g)	680	1.329	9.353	6.097	24.337	11.793	23.519	5.258
Kannabisfræ (stk.)	32	73	0	0	7	0	0	0
Kannabisfræ (g)	0	0	2	0	0	3.740	0	0
Kannabisplöntur (stk.)	6.669	4.065	4.094	3.232	5.033	5.173	5.511	5.404
Kannabisplöntur (g)	47.512	12.914	7.221	12.805	19.997	22.517	12.030	37.423
Cannabidiol (CBD) (ml)								1.815
Cannabidiol (CBD) (stk)								65
Marijúana (g)	32.871	63.571	52.049	43.874	34.070	73.368	45.175	91.772
Tóbaksblandað hass eða marijúana (g)	433	361	345	440	399	277	466	1.249
Kannabislauf (g)	47.241	21.440	49.036	30.008	39.062	35.022	54.961	50.649
Kannabisstönglar (g)	7.831	3.260	11.991	12.815	11.541	5.103	28.583	7.429
Kannabisblandað efni (g)								1.212
Kannabisblandaður vökvi (ml)								10.063
Amfetamín (g)	34.189	4.784	32.849	9.838	13.588	4.890	55.360	27.686
Amfetamín (stk.)	300	13	7	0	9	0	4	0
Amfetamín (ml)	2.110	41	0	16	14.408	1.788	9.463	12.552
Methamfetamín (g)	81	105	343	1.014	518	72	2.043	661
Kókaín (g)	2.535	1.736	9.738	8.035	26.924	18.634	40.618	7.878
Kókaín (ml)	0	0	0	0	4.400	0	0	0
MDMA (g) / E-töflur	116	149	11.003	2.059	4.593	1.032	1.173	495
MDMA (stk.) / E-töflur	14.824	1.454	213.660	2.258	2.699	8.428	1.454	6.730
MDMA - Kristallar (g)								0
Heróín (g)	1	0	0	0	9	28	0	87
LSD (stk.)	115	2.761	741	427	1.021	2.967	381	835
Metamfetamín - Kristallar (g)								0
Morfín (stk)								10

\*Litaður reitur þýðir mesta magn af því efni í þeirri mælieiningu, yfir tímabilið.

**Um gögnin:** Gögn um fjölda brota og magn fíkniefna voru tekin út 7. apríl 2021 og ná yfir brot og fíkniefni sem skráð voru í málaskrárkerfi lögreglu árið 2020. Eitt tilvik getur falið í sér mörg brot og brot eru talin í því lögregluumdæmi sem það er tilkynnt í eða skráð. Sjá má frekari upplýsingar um fjölda brota árin 2018-2020 í Power BI skýrslu sem aðgengileg er á ytri vef en þar er mögulegt að skoða með enn ítarlegri hætti öll brot sem skráð voru í málaskrá lögreglu á tímabilinu. Þá má einnig finna fjölda brota og brot á íbúa árin 2001-2020 á excel formi á ytri vef, [www.logreglan.is](http://www.logreglan.is) undir Útgáfa / Afbrotatölfræði / Árlegar úttektir.




## Tafla fjöldi brota 2019-2020

Brotaflokkar	2019	2020
Manndráp (211. gr.)	1	3
Mannsbani af gáleysi (215. gr.)	2	3
Líkamsárás (217. gr.)	1.278	1.315
Líkamsárás, meiriháttar (218.1)	137	138
Líkamsárás, stórfelld (218.2)	97	132
Líkamsmeiðingar af gáleysi (219. gr.)	45	25
Líf eða heilsu stefnt í háska (220. gr.)	28	34
Tilraun til manndráps (211. gr. sbr. 20. gr.)	2	5
Endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu eða velferð fjölskyldumeðlims (218b, 1.og 2.)	87	133
Ofbeldisbrot annað	4	7
<b>Ofbeldisbrot samtals</b>	<b>1.681</b>	<b>1.795</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-76	114
Blygðunarsemisbrot (209. gr.)	122	96
Nauðgun (194.1-194.2 gr.)	215	158
Klám og barnanið (210 gr. Og 219.a. og b.)	49	44
Kynferðisbrot gegn börnum (200.-202. og 204. gr.)	86	130
Kynferðisleg áreitni (199. gr.)	71	48
Vændi (1.-4.mgr. 206. gr.)	113	40
Annað (197.-198. gr.)	2	4
<b>Kynferðisbrot samtals</b>	<b>658</b>	<b>520</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	107	-138
Þjófnaður	3.476	3.503
Innbrot (244. gr.)	1.161	1.059
Fjársvik (248. gr.)	596	673
Hylming (254. gr.)	102	82
Gripdeild (245. gr.)	67	67
Fjárdráttur (247. gr.)	81	80
Rán (252. gr.)	54	75
Auðgunarbrot, annað	87	97
<b>Auðgunarbrot samtals</b>	<b>5.624</b>	<b>5.636</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	143	312
Varsla og meðferð fíkniefna (4. mgr. 2. gr. 65/74)	1.701	1.285
Flutningur fíkniefna milli landa (4. mgr. 2. gr. 65/74)	149	165
Sala og dreifing fíkniefna (4. mgr. 3. gr. 65/74)	239	191
Framleiðsla fíkniefna (4. gr. 65/74)	86	89
Ýmis fíkniefnabrot	22	17
<b>Fíkniefnabrot samtals*</b>	<b>2.196</b>	<b>1.747</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-80	-449
Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr. 50/87)	829	509
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna (45. gr. 50/87)	2.660	2.014
Of hraður akstur. Hraðamæling - tilgreindur hraði (37. gr. 50/87)	56.834	42.976
Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr. 50/87)	305	89
Ölvun við akstur (45. gr. 50/87)	1.661	1.110
Önnur umferðarlagabrot	12.782	9.111
<b>Umferðarlagabrot samtals</b>	<b>75.071</b>	<b>55.809</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-3.115	-19.262
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	1.750	1.862
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	64	42
<b>Eignaspjöll samtals</b>	<b>1.814</b>	<b>1.904</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-86	83

Brotaflokkar	2019	2020
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	425	365
Nytjastuldur - Annað	12	7
<b>Nytjastuldur samtals</b>	<b>437</b>	<b>372</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	30	-65
Hótanir (233. gr.)	506	570
Húsbrott (231. gr.)	278	363
Brot gegn nálgunarbanni (232. gr.)	45	120
Brot gegn friðhelgi einkalífs: ýmislegt	55	58
Ærumeiðingar (234. gr.)	31	48
Ofsóknir (232.2 gr.)	5	6
<b>Brot gegn friðhelgi einkalífs samtals</b>	<b>920</b>	<b>1.165</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	19	245
Peningafals og önnur brott er varða gjaldmiðil (150-153. gr.)	34	29
Fölsun, skjalafals (1.-3. mgr. 155. gr.)	257	173
Skjal, misnotkun skjals (157. gr.)	90	56
Skjöl, röng notkun stimpils eða merkis (159. gr.)	26	35
Skjalafals ýmislegt	5	7
<b>Skjala- og Peningafals samtals</b>	<b>412</b>	<b>300</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	39	-112
Ólöglegur tilbúningur áfengis (bruggun) (6. gr. 75/98)	4	9
Ólöglegur flutningur, sala, eða framleiðsla áfengis (19. gr. 4 mgr. 75/98)**	12	11
Brot á reglum um áfengis-auglýsingar (20. gr. 75/98)	7	3
Ölvun á almannafæri (21. gr. 75/98)	587	266
Áfengislög, ýmislegt	30	19
<b>Brot gegn áfengislögum samtals</b>	<b>640</b>	<b>308</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-188	-332
Ofbeldi gagnvart lögreglumönnum (106.-107. gr.)	97	85
Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni (106.-107. gr.)	60	55
Ofbeldi gagnvart opinberum starfsmanni (106.-107. gr.)	23	12
Hótun um ofbeldi gagnvart opinberum starfsmanni (106.-107. gr.)	25	22
Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt (19. gr. 90/1996)	265	203
Bann við að tálma lögreglu í störfum sínum (21. gr. 90/96)	12	8
Önnur tálmun á starfi opinbers starfsmanns (106.-107. gr.)	12	5
Brot gegn valdstjórninni, ýmislegt	18	9
<b>Brot gegn valdstjórninni samtals</b>	<b>512</b>	<b>399</b>
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-15	-113



## Viðauki I: Umdæmi lögreglustjóra



**Mynd v1.** Lögregluembætti landsins árið 2020

Umdæmi lögreglunnar eru níu; á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi, í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum.